

Stefnur

Þjóðminjasafns Íslands



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Sýn Þjóðminjasafns Íslands

- Að vera leiðandi höfuðsafn á sviði menningarminja, stuðla að framförum og skilvirkri starfsemi.

Leiðarljós

- Starfsánægja
- Sterkir innviðir
- Skýrar boðleiðir
- Kjöraðstæður til varðveislu og rannsókna
- Vandaðir og skilvirkir verkferlar
- Gott starfsumhverfi
- Góð tengsl við gesti, nemendur og fræðasamfélag
- Alþjóðlegt samstarf
- Trygg fjármögnun og ábyrgur rekstur

Gildi Þjóðminjasafns Íslands

Fagmennska

- Við erum leiðandi um vandað safnastarf og þjóðminjavörslu.
- Við stöndum fyrir þekkingu á safnkosti og þjóðminjum.
- Við viljum efla menntun og skapandi starf á fagsviði okkar.
- Við erum vísandi, áræðin og árvökul.
- Við sýnum frumkvæði og stuðlum að samvinnu í þágu faglegs árangurs á málefnasviðinu.
- Við erum fagleg, traust og vandvirk.
- Við erum samstilltur hópur sem vinnur vel.
- Við leggjum metnað í að vera skilvirk í starfi okkar og vinnum með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi.

Hughrif

- Við bjóðum alla gesti velkomna í safnið.
- Við stöndum fyrir fjölbreyttri miðlun sem byggir á þekkingu um íslenskan menningararf.
- Við erum skapandi og viljum að heimsókn í safnið sé fræðandi, spennandi og skemmtileg.
- Við viljum að upplifun gesta byggji á sanngildi menningararfsins og skapandi framsetningu hans.
- Við leggjum metnað í jákvæða upplifun allra safngesta.
- Við erum jákvæð, framsýn og skapandi.
- Við erum þekkt fyrir gæði og þjónustulund.

Víðsýni

- Við skoðum öll mál með opnum huga.
- Við stuðlum að félagslegum jöfnuði, ræktum samkennd og vinnum gegn fordómum.
- Við komum fram af virðingu og gætum jafnréttis í orði og starfi.
- Við leggjum metnað í góða samvinnu innan stofnunar og við aðra sem eiga í samskiptum við safnið.
- Við stöndum fyrir gagnkvæma virðingu, jákvæðni, alúð, nærgætni og traust.
- Við tökum tillit til samfélagsþróunar og erum vakandi fyrir tíðaranda hverju sinni.

Hlutverk

- Lög um starfsemi Þjóðminjasafns eru grundvöllur innra starfs og stjórnskipulags stofnunarinnar. Þjóðminjasafninu er ætlað að starfa í samræmi við siðareglur alþjóðaráðs safna og laga sem gilda um opinberar stofnanir. Stofnuninni er ætlað að gæta að arfleifð liðins tíma, varðveita og miðla til samtíðarinnar og þar með til framtíðarinnar. Forystuhlutverk safnsins felur í sér að Þjóðminjasafnið sé virkur þátttakandi í íslensku menningar- og menntastarfi. Safneignin er meginstoð starfsemi Þjóðminjasafns Íslands.

Lögbundið hlutverk

- Að safna, skrá og varðveita menningar- og þjóðminjar.
- Að taka við og varðveita fornminni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum.
- Að rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi.
- Að miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings.
- Að annast minjavörslu í nánu samstarfi við Minjastofnun Íslands og eiga í samstarfi við önnur höfuðsöfn.
- Að móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja.
- Að stuðla að samvinnu menningarminjasafna.
- Að veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf.
- Að halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta.

1. Gæðastefna

Gæðastefnan er liður í því að Þjóðminjasafn Íslands sinni lögbundnu hlutverki sínu sem höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og tekur mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar. Stefnan lýsir áherslu Þjóðminjasafns á að uppfylla kröfur og væntingar hagsmunaaðila (eigenda, samstarfsaðila og viðskiptavina) um fagmennsku í vinnubrögðum, gæði starfseminnar og veittrar þjónustu. Gæðastefna nær til allra þátta í starfsemi safnsins og til allra starfsmanna stofnunarinnar. Starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á því að hún sé framkvæmd með því meðal annars að þekkja til stefnunnar og fylgja samþykktu verklagi og skráðum ferlum stofnunarinnar. Markmiðið er að stöðugar umbætur og fagleg vinnubrögð verði óaðskiljanlegur hluti af menningu vinnustaðarins og tryggi gæði starfseminnar, góðan árangur og hagkvæmni í rekstri. Leiðirnar eru:

- Að allur nauðsynlegur búnaður, sem þarf til að reka stofnunina, s.s. tölvubúnaður, upplýsingakerfi og annar aðbúnaður starfsmanna uppfylli skilgreindar þarfir, gæðakröfur og gæðastaðla.
- Að hæfni, geta og þekking starfsmanna til að sinna verkefnum sínum á fullnægjandi hátt / í samræmi við gæðaviðið sé tryggð með gerð gæðahandbókar með helstu verkferlum stofnunarinnar og markvissri fræðslu í samræmi við starfsþróunaráætlun.
- Að veita safngestum og samstarfsaðilum góða þjónustu í samræmi við lögbundið hlutverk safnsins.
- Að staðið sé við skuldbindingar um gæði þjónustu, áreiðanleika og veitingu hennar á tilsettum tíma. Reglulegar kannanir á ánægju viðskiptavina með þjónustu stofnunarinnar og skipulegt verklag við skráningar á frávikum frá væntingum eru nýttar til umbóta.
- Að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi stofnunarinnar með einfaldri og skilvirkri aðferðafræði. Gæðahópur sem hefur það hlutverk að fjalla um gæðamál stofnunarinnar og snertifleti gæðastefnu við aðrar stefnur stofnunarinnar hittist reglulega til samhæfingar og umbóta.

2. Rannsóknarstefna

Stefna Þjóðminjasafns Íslands er að standa fyrir og stuðla að rannsóknum á sviði minjavörslu almennt sbr. ákvæði laga um Þjóðminjasafn Íslands. Markmiðið er að ávallt séu stundaðar rannsóknir á öllum minjaflokkum og að rannsóknir verði hluti af öllum skipulögðum varðveislu- og miðlunarverkefnum. Stefnt er að samstarfi við aðra rannsóknaraðila og að efla þverfagleg og fjölþjóðleg tengsl við rannsóknir á Íslandi. Leiðirnar eru:

- Að sérstök áhersla verði annars vegar lögð á að ljúka rannsóknarverkefnum sem þegar eru hafin, og hins vegar að taka upp nýjar rannsóknir innan málaflokka þar sem ekki hefur gefist ráðrúm til rannsóknarstarfs á undanförunum árum.
- Að áhersla verði á að árangur rannsókna verði sýnilegur í nafni Þjóðminjasafnsins.
- Að rannsóknarstaða í nafni dr. Kristjáns Eldjárns gegni mikilvægu hlutverki við að efla rannsóknir á safninu, og skal stuðlað að því að hún nýtist vel á sem fjölbreyttustu sviði innan safnsins. (sbr. reglugerð um Þjóðminjasafns. nr. 896/2006).
- Að stuðlað verði að samstarfi við háskólastofnanir um kennslu á sérsviðum Þjóðminjasafns og nemendur hvattir til að vinna lokaverkefni þar sem safnkostur og heimildasöfn innan safnsins eru nýtt sem efniviður.

3. Söfnunarstefna munasafns

Safnið hefur ákveðnum skyldum að gegna sem höfuðsafn landsins í varðveislu á menningarminjum. Safnkostur Þjóðminjasafnsins tekur til muna, minja og heimilda sbr. 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011. Alþjóðlegum siðareglum safna er framfylgt og þeim safnkosti safnað sem mögulegt er að varðveita við góð skilyrði.

Í Þjóðminjasafni er varðveittur safnkostur sem tengist íslenskri sögu og menningu og safnað í samræmi við fyrirliggjandi söfnunarstefnur þess. Leitast er við að safna gripum, myndum og þjóðfræðilegum heimildum til þess að fylla inn í eyður í eldri safnkosti og að gera nýjum viðfangsefnum skil með söfnun aðfanga þeim tengdum. Aðföngum er einnig safnað í tengslum við rannsóknir á starfssviði safnsins og í tengslum við vinnslu sýninga á vegum safnsins, eftir því sem nauðsyn þykir og mögulegt er á hverjum tíma. Söfnun úr samtímanum fari fram í anda aðferðafræði samtímavarðveislu í samstarfi við aðrar stofnanir, fræðimenn o.fl. eftir því sem við á hverju sinni.

- Að leitað sé samráðs og samvinnu við önnur söfn um söfnun og varðveislu. Safnið hafi frumkvæði að því að leita eftir samstarfi við fræðimenn, starfsgreinar, félagasamtök eða aðra um einstök söfnunar- og rannsóknarverkefni, eftir því sem kostur er.

3.1. Munasafn

Í munasafni Þjóðminjasafns Íslands er varðveitt heildstæðasta safn menningarsögulega gripa frá upphafi Íslandsbyggðar og til samtímans. Sérstaða munasafnsins er fólgin í langri söfnunarsögu sem kemur fram í breidd safnkostsins og gæðum hans í tilteknum efnisflokkum eins og íslenskri listiðn, handverki, hvort er í textíl eða útskurði, kirkjugripum, atvinnusögu þjóðarinnar, munum tengdum viðburðum í sögu þjóðarinnar og lykilpersónum á þeim vettvangi.

Í munasafni eru teknir til varðveislu forngripir samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 og aflagðir kirkjugripir, samkvæmt 8. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

- Að í munasafni verðir hvorki safnað né tekið við gripum sem ekki er talið að falli innan söfnunarstefnu þess og markmiða. Ekki er tekið við gripum sem mörg samskonar eða sambærileg eintök eru til af fyrir. Á það ekki síst við um fjöldaframleidda gripi.

3.2. Þjóðháttasafn

Í tæp 60 ár hefur Þjóðminjasafnið safnað þjóðfræðilegum heimildum í þjóðháttasafni. Þar hefur farið fram söfnun heimilda um hversdagsmenningu Íslendinga, þjóðhætti, munnlegar heimildir og óáþreifanlegar minjar.

- Að stefnt verði að því að varðveita heimildir um mikilvæga menningarsögulega og félagslega þætti sem sett hafa mark á þjóðlífið frá því um og fyrir miðbik 20. aldar til dagsins í dag með virkri samtímasöfnun.

4. Söfnunarstefna Ljósmyndasafns Íslands¹

Í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni er varðveitt elsta myndasafn landsins og jafnframt eitt hið stærsta í opinberri eigu. Safnið hefur sérstökum skyldum að gegna sem höfuðsafn landsins í varðveislu á þessum hluta menningararfsins.

¹ 23.1.2003/ endurskoðað 12.10.2004 og 29.9.2015/24.10.2017

Myndasafnið skiptist í nokkra sjálfstæða hluta eða heildir eftir eðli, gerð og uppruna safnkostsins. Hvergi er varðveitt jafn heildstætt safn af frummyndum íslenskra ljósmyndara, auk þess eru varðveitt í safninu plötu- og filmusöfn fjölmargra fremstu ljósmyndara landsins. Myndasafnið varðveitir margvíslegt annað myndefni bæði fyrir tíma ljósmyndaaldar eins og vatnslitamyndir, málverk og grafíkmyndir, en einnig sambærilegt efni frá nýrri tímum. Rétt þykir að þessi stefna taki einnig til tækja og gagna sem snerta ljósmyndun enda þótt slík aðföng tilheyri munasafninu.

- Að Þjóðminjasafnið gegni forystuhlutverki í söfnun sögulegs myndefnis líkt og það hefur gert í rúma öld og reynt verði að fylla í eyður í fyrirliggjandi safnkosti um leið og sótt er fram í söfnun á nýju varðveisluverðu efni.

4.1. Stöðumat

4.1.1. Filmu- og plötusöfn

Stofninn í myndaeign Þjóðminjasafnsins eru plötu- og filmusöfn frá einstökum ljósmyndurum. Fyrsta plötusafnið barst til Þjóðminjasafnsins árið 1915. Áætlað er að í safninu séu um 2.039.000 myndir á plötum, 433.968 plötur og filmur saman í söfnum, 72.178 skyggjur og 3.980.000 filmur í yfir 223 aðskildum söfnum. Þau eru bæði frá atvinnu- og áhugamönnum og eru mjög misstór, í sumum eru 6 plötur en í öðrum hundruðir þúsunda filma. Aðföng hafa að mestu byggst á frumkvæði gefenda en í seinni tíð hefur einnig verið leitað sérstaklega eftir því að fá söfn til varðveislu.

4.1.2. Mannamyndasafn

Mannamyndum hefur verið safnað til Þjóðminjasafns frá árinu 1908 og eru nú skráðar í Mannamyndasafnið um 57.000 myndir. Ljósmyndir eru uppistaðan í safninu en í það eru einnig skráðar mannamyndir eftir frumkvöðla íslenskrar myndlistar eins og Sæmund Hólm, Sigurð Guðmundsson, Þorstein Guðmundsson og Arngrím Gíslason og ýmsar brjóstmyndir. Ljóst er að safnið er einstakt bæði hvað varðar elsta hluta þess, eldri málaðar og teiknaðar mannamyndir, en einnig safn frummynda frá ljósmyndurum frá tímabilinu 1860-1970. Safnið hefur hingað til vaxið af tilviljanakenndum gjöfum m.a. úr dánarbúum.

4.1.3. Ljós- og prentmyndasafn og sérsöfn því tengd

Skráning í Ljós- og prentmyndasafnið hófst árið 1915. Í það eru nú skráðar rúmlega 33.600 myndir. Safnið er mjög fjölbreytt að stofni til. Skal nú gerð grein fyrir helstu myndgerðum í því.

4.1.3.1. Ljósmyndir

Ljósmyndir eru meginuppistaðan í Ljós- og prentmyndasafninu. Þar er varðveitt einstakt safn frummynda frá upphafskeiði ljósmyndunar á Íslandi, sem á ekki sinn líka annars staðar og helgast það meðal annars af því hve snemma söfnun til þess hófst.

Stærri myndasöfn sem borist hafa Þjóðminjasafni í seinni tíð hafa verið látin halda sér sem sjálfstæðar heildir enda þótt þau eigi efnislega samleið með Ljós- og prentmyndasafni. Það eru myndasöfn til dæmis Morgunblaðsins, safn Sambands íslenskra samvinnufélaga, Ríkisútvarpsins-Sjónvarps, Alþýðublaðsins, Útgáfufélaginu Birtings og Þjóðleikhússins. Saman mynda þessi söfn þokkalegt alhliða myndasafn tengt íslenskri sögu og ljósmyndun fram til 1990.

Aðföng til safnsins byggjast á gjöfum en jafnframt hafa verið keyptar áhugaverðar myndir til þess á liðnum árum m.a. stækkaðar handlitaðar ljósmyndir frá árunum 1920-1950.

4.1.3.2. Grafík

Umtalsvert safn grafíkmynda er skráð í Ljós- og prentmyndasafnið. Bæði er um að ræða útgefin grafíkblöð en einnig úrklippur og einstakar blaðsíður úr blöðum og tímaritum. Grafíkmyndir eru mikilsverð viðbót við það myndefni sem til er frá Íslandi áður en ljósmyndin varð ríkjandi myndmiðill.

Keyptar hafa verið grafíkmyndir til safnsins eftir því sem framboð hefur leyft undanfarna áratugi.

4.1.3.3. Vatnslitamyndir og teikningar

Smávægilegur hluti Ljós- og prentmyndasafns eru vatnslitamyndir og teikningar. Slíkar myndir þó fáar séu hafa margvíslegt sögulegt gildi.

Jafnframt hafa heil söfn með vatnslitamyndum og teikningum eftir einstaka myndlistarmenn verið látin halda sér sem sérstakar heildir og ekki verið skráð inn í Ljós- og prentmyndasafnið. Þetta eru syrpur eins og frá leiðangri Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, úr leiðangri Stanley, frá W. G. Collingwood og kirkjumyndir Jóns Helgasonar.

4.1.4. Póstkortasafn

Mjög góð söfn póstkorta eru varðveitt í Þjóðminjasafni. Safnið er þrískipt eftir uppruna, safni Andrésar Johnsonar er haldið sem sjálfstæðri heild, önnur póstkort, sem safnað var innan safnsins mynda aðra heild. Þriðja póstkortasafnið sem keypt var til safnsins úr einkaeigu árið 2003 hefur aðallega að geyma póstkort prentuð eftir 1950.

Aðeins hluti af einu póstkortasafnanna þriggja hefur verið skráður og eru í því um 4.900 póstkort.

Kaup á nýjasta póstkortasafninu hafa stóraukið þennan safnkost og styrkt hlutverk Þjóðminjasafnsins á þessu söfnunarsviði. Samkvæmt lögum eru skylduskil á öllu prentuðu efni þar með töldum póstkortum til Landsbókasafns. Eitthvað vantar upp á að skylduskilum á póstkortum sé sinnt að sögn yfirmanna safnsins. Því telur Þjóðminjasafnið sig áfram hafa hlutverki að gegna við söfnun póstkorta og hefur haft um það samráð við Landsbókasafn/Háskólabókasafn.

4.1.5. Tæki og búnaður

Á liðnum árum hefur safnkostur á þessu sviði stóraukist og telst safnið standa mjög vel varðandi þennan efnisflokk. Safnið á nokkuð heildstæðan tækjabúnað frá fjórum ljósmyndastofum frá ólíkum tímaskiðum (frá Teigarhorni, Sigríði Zoëga, Sigurði Guðmundssyni og Guðmundi Erlendssyni, Alfreð D. Jónssyni og Hjálmar R. Bárðarsyni – en í minna mæli frá Jóni Kaldal, Lofti Guðmundssyni og Magnúsi Ólafssyni) og jafnframt nokkuð safn véla frá áhugaljósmyndurum og ýmsan tækjabúnað annan frá atvinnuönnunum. Minna fer fyrir nýrri tækjabúnaði frá síðasta aldarfjórðungi.

4.1.6. Bækur, sýningarskrár og gögn um sögu íslenskrar ljósmyndunar

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að koma upp gagnagrunni um sögu íslenskrar ljósmyndunar í Þjóðminjasafni. Gert var átak í að ljósrita úrklippur tengdar ljósmyndun í úrklippusafni Listasafns Íslands en farið var yfir tímabilið 1970-2000. Farið hefur verið í gegnum dagblöðin Morgunblaðið og Vísi og tekin ljósrit af öllu efni í þeim tengdu ljósmyndun á árunum fram til 1950. Safnað hefur verið boðskortum og sýningarskrám úr einkasöfnum. Frá árinu 2000 hefur verið safnað markvisst úrklippum úr dagblöðum frá degi til dags um ljósmyndun og ljósmyndasýningar og einnig stunduð samtímasöfnun á öðru prentefni eins og sýningarskrám og boðskortum.

Eitthvað hefur verið keypt til safnsins af erlendum tímaritum með íslensku myndefni og hafa þau blöð að hluta til verið skráð í Ljós- og prentmyndasafnið.

Tekin hafa verið viðtöl við nokkra tugi ljósmyndara á liðnum árum. Vegna þess hversu takmarkaðar heimildir eru til á prenti um starfsemi ljósmyndara, feril þeirra og viðhorf hefur þetta fyllt mikið uppí prentaðar heimildir og auk þess eftir tengslið við starfandi ljósmyndara. Útgáfa á tveimur skýrslum sem byggja á þessum viðtölum hefur aukið mjög við þekkingu á þessu sviði. Safninu hafa borist skjalagögn frá Ljósmyndarafélagi Íslands úr tveimur áttum, frá FÁL (Félagi áhugaljósmyndara) úr fleiri áttum og FÍL (Félagi íslenskra ljósmyndara) frá Hjálmarí R. Bárðarsyni.

4.2. Söfnunarstefna

Mörg vandamál blasa við þegar hugað er að gerð söfnunarstefnu fyrir myndir og sérstaklega vakna margar spurningar varðandi söfnun ljósmynda. Rétt þykir að varpa nokkrum þeirra fram í upphafi.

Stærsta vandamálið er sígilt. Hvernig verður aflað vitneskju um það sem framleitt hefur verið af myndum til að unnt sé að meta umfang þess og í framhaldinu að ákveða hverju er æskilegt að safna?

Ljóst er að það myndefni sem varðveitt er í og frá Íslandi er í viðráðanlegu magni fram undir 1970. Öðru máli gegnir um myndefni frá áratugunum eftir 1970. Þetta gildir bæði um atvinnumenn og áhugamenn.

Mjög takmarkað magn af litljósmyndum hafa enn ratað inn á íslensk söfn. Þegar að því kemur eru fyrirsjáanleg mikil varðveisluvandamál.

Með tilkomu stafrænna myndavéla blasa ný vandamál við varðandi varðveislu mynda og ekki síður skort á varðveislu þeirra. Lítið magn stafrænna mynda hefur enn borist til safnsins.

4.2.1. Filmu- og plötusöfn

Meðal áhugaverðustu plötu- og filmusafna sem borist hafa Þjóðminjasafninu á seinni árum eru söfn áhugamanna frá því eftir 1940. Nauðsynlegt er að halda uppi spurnum um slík söfn bæði frá þessu tímabili en einnig frá síðari áratugum og falast eftir þeim þegar kostur er. Samhliða verður að vera hægt að gera eftirtök eftir slíkum söfnum eins fljótt eftir að þau berast og hægt er. Það skiptir máli gagnvart gefandanum og einnig uppá skráningu safnsins og notkun þess.

Betri yfirsýn er fyrirliggjandi um atvinnumenn og söfn þeirra. Þar verður safnið líka að hafa ákveðið frumkvæði í að leita eftir því að fá til sín filmusöfn.

4.2.2. Mannamyndasafn

Mannamyndasafnið hefur lengst af vaxið af tilfallandi gjöfum. Matthías Þórðarson hafði um skeið frumkvæði að söfnun slíkra mynda til safnsins með útsendingu dreifibréfa til samtímamanna þar sem falast var eftir því að þeir gæfu safninu mynd af sér. Vegna þess hversu heildstæð filmusöfn mannamynda frá síðustu áratugum eru varðveitt í safninu (Tíminn, Birtingur, Þórir Óskarsson, Ríkisútvarpið og fleira) þykir ekki ástæða til að halda uppi markvissri söfnun til Mannamyndasafns.

4.2.3. Ljós- og prentmyndasafn

4.2.3.1. Ljósmyndir

Könnun meðal safna landsins staðfestir að enginn sinnir markvissri söfnun á samtímaljósmyndum hvorki listrænum ljósmyndum né heimildaljósmyndum á Íslandi. Hér koma upp áleitnar spurningar um hvaða hlutverki Þjóðminjasafnið ætlar sér að gegna í varðveislu ljósmynda. Safnið stefnir að virkri samtímasöfnun með kaupum á aðföngum frá starfandi ljósmyndurum.

Safnið er nokkuð vel sett varðandi elstu ljósmyndara landsins þó að rétt sé að hafa augun opin fyrir slíkum myndum sem seldar eru hjá fornsöllum og á nytjamarkaði Sorpu eins og reynt hefur verið að gera með heimsóknum í slíkar verslanir.

Safnið á hins vegar mjög lítið af stækkuðum ljósmyndum frá helstu ljósmyndurum á síðustu 50 árum með örfáum undantekningum (stækkanir Jóns Kaldals frá 1966, syrpa frá Óttari Kjartanssyni, Ralph Hannam, Kristni Sigurjónssyni, Þorsteini Jósepssyni, Hjálmar R. Bárðarsyni og Freddy Laustsen).

Frá um 1965 hafa margir ljósmyndarar verið virkir í sýningarhaldi og fram hefur komið heil kynslóð ljósmyndara sem ekkert er varðveitt frá í Ljósmyndasafni Íslands (Leifur Þorsteinsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Rúnar Gunnarsson, Páll Stefánsson, Davíð Þorsteinsson svo fáeinir séru nefndir). Ef áfram á að vera til gott yfirlitssafn yfir íslenska ljósmyndun innan vébanda safnsins verður að hefja markvissa söfnun á myndum þessarar kynslóðar.

Til að tryggja að ekki verði endalaus uppsafnaður hali af efni sem ekki er til í safninu er rétt að hefja árleg innkaup á nýju myndefni m.a. á ljósmyndasýningum og með heimsóknum til ljósmyndara.

Á síðustu árum hefur merkileg viðbót við elsta hluta safnskotsins komið fram við leit í erlendum söfnum (Franska sýningin, Fox-sýningin, myndir Hans Malmbergs). Æskilegt er að áfram verði reynt að leita uppi íslenskt efni í erlendum söfnum.

4.2.3.2. Grafík

Grafíkmyndir eru reglubundið til sölu á almennum markaði innanlands. Rétt er að fylgjast vel með honum eins og gert hefur verið og reyna að fylla í eyður í safnkostinum eftir því sem mögulegt er.

4.2.3.3. Vatnslitamyndir og teikningar

Mjög lítið er orðið varðveitt í almenningseign af myndum fyrstu íslensku myndlistarmannanna og þess því ekki að vænta að sá myndaflokkur vaxi mikið úr því sem komið er. Fáeinir þeirra hafa þó borist að gjöf á síðustu árum (bæði eftir Sigurð Guðmundsson og Arngrím Gíslason).

Erfiðara er um að vik að fylgjast með því hvað er í boði á almennum markaði af vatnslitamyndum erlendra ferðamanna frá Íslandi en það er mikilvægur myndaflokkur. Æskilegt væri að leita eftir því að skrá safnið hjá helstu uppboðsfyrirtækjum á Norðurlöndum, Englandi og Þýskalandi þannig að safnið væri látið vita af því þegar myndir frá Íslandi eru til sölu hjá þeim. Það gæti fyrirbyggt að áhugaverðar myndir væru seldar án þess að safnið hefði haft vitneskju um að þær væru faltar. Hingað til hafa upplýsingar um slíka myndasölu á uppboðum aðeins borist fyrir tilviljun til safnsins eftir ábendingum vinveittra aðila.

Vatnslitamyndir úr samtímanum eru ekki söfnunarefni fyrir Þjóðminjasafnið.

4.2.4. Póstkortasafn

Á umliðnum árum hafa póstkort verið keypt öðru hvoru til að fylla uppí eyður í fyrirbyggjandi söfnum. Rétt er að halda því áfram.

Jafnframt þarf að móta stefnu varðandi aðföng á póstkortum samtímans m.a. í samstarfi við útgáfuaðila.

4.2.5. Tæki og búnaður

Rétt er að taka saman yfirlit yfir það sem þegar er varðveitt af tækjabúnaði tengdum ljósmyndun. Það myndi auðvelda ákvarðanatöku varðandi vélar sem safninu eru boðnar að gjöf, það er hvort eigi að þiggja þær eða ekki.

4.2.6. Bækur, sýningarskrár og gögn um sögu íslenskrar ljósmyndunar

Fylgja þarf áfram þeirri stefnu sem unnið hefur verið eftir. Safna heimildum úr blöðum, halda utanum boðskort og sýningarskrár og afla eldri heimilda eftir því sem tök eru á. Mikil gróska hefur verið á síðustu árum á ljósmyndabókum erlendra ljósmyndara úr samtímanum. Þær eru prentaðar og gefnar út erlendis. Æskilegt væri að safna slíkum bókum.

Brýnt verkefni er að byggja upp betra heimildasafn með viðtölum við eldri og yngri ljósmyndara um störf þeirra. Þar þarf að byggja á reynslu fyrri átaka á þessu sviði.

4.3. Utan söfnunarsviðs

Hvers konar myndum söfnum við ekki? Við höfum í nokkur ár hafnað því að fá klisjur úr prentsmiðjum. Þá gildir einu hvort upplýsingar fylgja um myndefnið. Reynt hefur verið að sporna við því að fá stórar innrammaðar mannamyndir til safnsins.

4.4. Grisjunarstefna

Grisjun hefur hingað til verið bundin við móttöku nýrra aðfanga og þá nær eingöngu við aðföng til Mannamyndasafnsins og Ljós- og prentmyndasafnsins. Það er gert samkvæmt mótaðri stefnu. Í öðrum tilvikum hefur aðeins verið grisjað ónýtt eða mjög lélegt efni eða ef að fjöldi eintaka sömu myndar hefur borist.

Safnað er óþekktum mannamyndum og þær sem þekkjast eru skráðar en aðrar eru lagðar til hliðar og hluti þeirra varðveittur í svokölluðu stimplasafni eftir ljósmyndurum en annað grisjað. Í seinni tíð hafa einnig verið grisjuð aðföng mannamynda sem plötur eru til af í safninu nú þegar. Kannað er hvort að mynd er þegar til skráð í Mannamyndasafnið og ef að sú mynd er lakari en ný aðföng er nýja myndin einfaldlega sett hjá þeirri skráðu.

Er nokkuð sem þegar er skráð í safnið þess eðlis að það ætti að hverfa og hvaða rök væru þá að baki slíkrri ákvörðun? Ekki verður á þessu stigi séð að einhverju efni sé ofaukið í safninu, en það hlýtur að vera til skoðunar hverju sinni.

Filmusöfn áhugamanna sem berast eru mörg hver með fjölda filma sem eru illa teknar og myndefnið ekki áhugavert. Slík söfn ber að grisja með aðkomu og áliti fleiri en eins starfsmanns í myndasafni.

4.5. Samantekt

Helstu áherslupunktur við myndasöfnun til Þjóðminjasafns Íslands eru þessir:

- Söfnun á filmu- og plötusöfnum áhugaljósmyndara og leit að slíkum söfnum.
- Kaup á grafíkblöðum sem bjóðast til að fylla í eyður í safnkostinum.
- Átak í öflun úrvals ljósmynda helstu atvinnumanna sem starfað hafa eftir 1970.
- Kaup á ljósmyndum á ljósmyndasýningum og meðal samtímaljósmyndara.
- Átak í kaupum eða öflun ljósmynda helstu áhugamanna frá 1950 og fram til dagsins í dag.

- Söfnun heimildaefnis um ljósmyndun samtímans; boðskort, sýningarskrár, úrklippuefni úr blöðum.
- Söfnun ljósmyndabóka erlendra ljósmyndabóka úr samtímanum frá Íslandi.
- Kaup á stækkuðum ljósmyndum hjá fornsölum og á nytjamarkaði Sorpu.
- Átak í að taka viðtöl við núlifandi ljósmyndara bæði atvinnu- og áhugamenn.
- Upplýsingaleit um myndefni í erlendum söfnum.
- Kaup á póstkortum samtímans frá útgáfuaðilum og á eldri póstkortum sem safnið vantar hjá fornsölum.
- Skráning Þjóðminjasafns meðal helstu uppboðsfyrirtækja erlendis.

5. Stefna húsasafns

Húsasafnið er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni. Í því eru varðveitt dæmi um íslenska húsagerð fyrri tíma, s.s. torfbærir, torfkirkjur, timburhús, timburkirkjur og steinhús. Leiðir eru:

- Að áhersla sé lögð á að varðveita og viðhalda húsum húsasafnsins og menningarlandslagi þeirra til framtíðar, sem og handverksþekkingunni sem liggur til grundvallar byggingu þeirra.
- Að stefnt verði að því að húsin verði nýtt með þeim hætti sem hæfir sögulegu gildi þeirra í samstarfi við fagaðila heima í héraði. Markmiðið er að kynna þennan byggingarsögulega arf á sem fjölbreyttastan hátt, til að sem flestir þekki hann og getið notið hans.

6. Skráningarstefna

Rafræn grunnskráning allra minja í vörslu safnsins í skráningarkerfið Sarp er þungamiðjan í skráningarstefnu safnsins. Aðfangaskráning í aðfangabók fer undantekningalaust fram við móttöku allra aðfanga. Áhersla er lögð á að Sarpsskráningu nýrra aðfanga hvers árs sé að fullu lokið við árslok næsta árs, að undanskildum stærri heildum, í samræmi við skilgreind skráningarstig safnsins. Leiðir eru:

- Að stefnt verði að því að allar nýskráningar í muna- og jarðfundaskrá séu með mynd og að myndir sem flokkast sem þjóðlífsmyndir í myndaskrá séu skannaðar og tengdar skráningum nýrra aðfanga. Unnið verði að skráningum eldri aðfanga eftir því sem færi og möguleikar gefast til.
- Að unnið verði markvisst að því að ljósmynda safngripi sem ekki hafa verið myndaðir og tengja myndirnar við skráningarfærslur munanna í Sarpi.
- Að stefnt verði að því að gert verði sérstakt átak í því að sem nákvæmastur varðveislustaður sé skráður við sérhvert aðfang í því skyni að gera aðgengi starfsmanna að aðföngunum sem fljótlegast og greiðast.
- Að unnið verði að því að rannsóknarvinna og ný þekking á safnskostinum sem verður til við rannsóknir fræðimanna og undirbúning sýninga verði skráð í Sarp í því skyni að varðveita og auka á þekkingu þeirra sem vinna á einhvern hátt með safnkostinn í framtíðinni. Þeim upplýsingum sem verða til við framangreinda vinnu verði komið fyrir á þann hátt í kerfinu að almenningur hafi aðgang að þeim hluta þeirra upplýsinga sem við á hverju sinni.

7. Varðveislustefna

Stefna safnsins er að tryggja faglega varðveislu allra þjóðminja í eigu safnsins til framtíðar. Mikilvægt er að litið sé á allan safnkostinn sem heild og að honum sé öllum sinnt með tilliti til fyrirbyggjandi forvörslu, viðgerða og viðhalds. Stefnt er að gefa út reglulega fræðsluefni sem nýtist innan og utan safnsins. Lögð er áhersla á að forvarslan fylgist með þróun í varðveislu nútímaefna sem safngripir framtíðarinnar verði gerðir úr. Leiðirnar eru:

- Að hafa ávallt yfirsýn yfir ástand allra muna, húsa og mynda, sem endurspeglar varðveislustig safnkostsins á hverjum tíma og vinna markvisst að langtímaforvörsluáætlun.
- Að koma öllum gripum og myndum í varanlegar umbúðir og í viðunandi umhverfi sem tryggja langtímavarðveislu þeirra.
- Að styrkja fagþekkingu starfsmanna sem vinna með safnkostinn á sviði fyrirbyggjandi forvörslu.
- Að tryggja faglega umhirðu í öllum húsum húsasafnsins í samstarfi við byggða- og minjasöfn á landsbyggðinni og heimamenn.
- Að vera leiðandi í fræðslu fyrir safnmenn með því að leita að samstarfi við aðrar stofnarnir um útgáfu fræðsluefnis og halda námskeið um varðveislu gripa og uppsetningu sýninga.
- Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi varðandi notkun umbúða fyrir safngripi og leiðir til að skapa góð varðveisluskilyrði.

8. Forvörslustefna

Stefna safnsins er að draga úr þörf á styrkjandi forvörslu og tryggja varðveislu gripa til framtíðar með fyrirbyggjandi forvörslu, þ.e. að stýra umhverfi þeirra og draga þannig úr hættu sem að þeim stafar, bæði í geymslum og á sýningum. Safnið vill auka meðvitund um forvörslu og hlutverk hennar með fræðslu. Forverðir fylgjast með þróun forvörslumeðferða og halda góðum tengslum við sérfræðinga í útlöndum. Leiðirnar eru:

- Allar forvörsluáðgerðir eru afturkræfar eftir því sem kostur er.
- Öll styrkjandi forvarsla og fyrirbyggjandi forvarsla þegar það á við er skráð ýtarlega í forvörslusnið Sarps.
- Notast er við öruggar og viðurkenndar forvörsluáðferðir.
- Reynt er eftir fremsta megni að takmarka notkun efna sem gætu haft áhrif á niðurstöðu greiningar á sýnum úr safngripum.
- Notkun hættulegra eiturefna er takmörkuð eftir fremsta megni.
- Tryggja skal rétta flokkun og skil á eiturefnum til eyðingar.
- Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi varðandi notkun efna í forvörslu.
- Að efla samstarf og fræðslu um æskilega umhirðu jarðfundina gripa við Minjastofnun Íslands og sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga.

9. Miðlunarstefna

Með grunnsýningum og sérsýningum, útgáfu og fræðslustarfsemi kynnir Þjóðminjasafn Íslands menningararfinn og safnkostinn og miðlar upplýsingum um nýjustu rannsóknir á sviði minjavörslu. Safnið vill stuðla að umræðu um menningu og mannlíf í víðum skilningi, það leitast við að koma til

móts við þarfir ólíkra markhópa og stuðlar að víðsýni. Áhersla er lögð á fjölbreyttar miðlunarleiðir sem varpa ljósi á margar hliðar sögu og menningar Íslands fyrr og nú.

10. Sýningastefna

Þjóðminjasafn Íslands starfar skv. lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, en í gr. 3. c. er kveðið á um að safnið ræki hlutverk sitt m.a. með því að: „rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi.“ Sýningarstefna vísar bæði til grunnsýninganna *Sjónarhorna* og *Þjóð verður til* og sérsýninga safnsins.

9.1. Grunnsýningar

Grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár*, er ætlað að veita innsýn í sögu íslensku þjóðarinnar frá landnámi til samtímans. Markmiðið er að varpa ljósi á fortíð Íslendinga með því að setja menningararfinn sem Þjóðminjasafnið varðveitir í sögulegt samhengi og er grunnsýningin *Hvernig verður þjóð til?* höfð að leiðarljósi. Á sýningunni eru um 2.000 munir allt frá landnáms tíð til samtímans og um 1.000 ljósmyndir frá 20. öld. Grunnsýningu safnsins skal haldið ferskri með reglulegri endurnýjun á gripum, margmiðlun og sjónarhornum á menningarsögu þjóðarinnar. Stefnt er að því að árangur sérsýninga skili sér inn í grunnsýningu þar sem það á við.

Sjónarhorn er grunnsýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu á sjónrænum menningararfi þjóðarinnar en þar eru sýndir forngripir, náttúrugripir, listaverk, skjöl og handrit úr safneignum Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns-Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar. Samstarf þessara sex stofnana býður upp á einstakt tækifæri til að skoða arfleifðina í nýju samhengi og varpa ljósi á ósagða sögu með nýstárlegum hætti.

9.2. Sérsýningar

Markmið sýningarstarfsemi í Þjóðminjasafni Íslands er að kynna menningararfinn og safnkostinn og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði menningarminja. Sýningar safnsins draga fram margar hliðar á sögu og menningu Íslands og varpa ljósi á tengsl menningararfsins við málefni líðandi stundar. Safnið er vettvangur fyrir umræðu um menningu og mannúð í víðum skilningi, það stuðlar að víðsýni og í allri framsetningu eru hafðar að leiðarljósi þarfir ólíkra markhópa. Efnistöð sýninga tengjast starfssviði safnsins.

Sérsýningar í safnhúsinu við Suðurgötu:

Bogasalur: sýningartímabil 9-12 mánuðir

Sýningar á safnkostinum, munum og/eða myndum, eða sýningar sem byggjast á rannsóknum á menningararfinum.

Myndasalur / Veggur: sýningartímabil 3-6 mánuðir

Verk innlendra eða erlendra ljósmyndara, núlifandi eða látinna, þemasýningar, greiningarsýningar, lánssýningar erlendis frá o.fl. Áhersla er lögð á ljósmyndasýningar.

Hornið: sýningartímabil 6-12 mánuðir

Sýningar á niðurstöðum rannsókna á vegum safnsins, aðfangasýningar, ítarsýningar tengdar sýningu í Bogasal, sýningar á völdum gripum úr safnkostinum eða sýningar á rannsóknaniðurstöðum fræðimanna.

Torgið / Anddyri: Á Torgi og í Anddyri eru almennt ekki sýningar. Rýmin má nota fyrir styttri sýningar eða viðburði sem styðja við starfsemi safnsins, t.d. á Hönnunarmars og á Barnamenningarhátíð.

Sérsýningar í Safnahúsinu við Hverfisgötu:

Í Safnahúsinu boðið upp á breytilegar sérsýningar í tveimur rýmum hússins frá samstarfsstofnunum sem skiptast á að sýna kjörgrip í sinni vörslu sem endurspeglar áherslur og rannsóknir hverrar stofnunar.

Stefnt skal að góðu aðgengi fyrir alla jafnt á grunnsýningu sem sérsýningum Þjóðminjasafnsins. Við gerð sérsýninga ber sýningarhóp að skilgreina markhóp eða markhópa sýningarinnar og skipuleggja fræðslu og kynningu sérstaklega með tilliti til hans/þeirra. Í sérsýningum skal leitast við að höfða til mismunandi markhópa hverju sinni með ólíkum áherslum.

Með sýningarstarfseminni kemur Þjóðminjasafn Íslands gildum sínum á framfæri. Sérsýningar safnsins eru veigamikill þáttur í miðlunarstarfsemi safnsins. Þær móta ímynd safnsins og í þeim birtast áherslur safnsins í rannsóknum, varðveislu og miðlun. Sýningar safnsins marka því sérstöðu í menningarlífi samtímans.

11. Safnfræðslustefna

Lögum samkvæmt á Þjóðminjasafn Íslands að miðla þekkingu um menningararf þjóðarinnar. Safnið skal ávallt vera áhugaverður valkostur í þekkingarleit og tómstundum einstaklinga og hópa, s.s. fjölskyldna, nemenda allra skólastiga og fræðimanna, óháð uppruna.

- Fræðslumarkmið eru að baki allri miðlun safnsins og viðburðir safnsins tengjast ávallt starfssviði þess. Fjölbreytt fræðslu- og skemmtiefni er í boði fyrir einstaklinga og hópa.
- Metnaður er lagður í aðgengi fyrir alla í öllu fræðslu- og þjónustustarfi safnsins. Að líkamlegt og þekkingarlegt aðgengi sé tryggt öllum, óháð kyni, aldri, færni eða uppruna.
- Lögð er áhersla á skipulagða safnfræðslu, mótun og gerð fræðsluefnis til notkunar í fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum, hópa með sérþarfir, börn og fullorðna.
- Fræðsluefni safnsins er tengt námskrá skólanna svo það nýtist sem best í kennslu. Stefnt er að því að upplifun barna og unglunga af safninu sé jákvæð og hvetji til áframhaldandi safnaheimsóknna.

12. Kynningarstefna

Kynningarstefna Þjóðminjasafnsins er að gæta í hvívetna hagsmuna og sýnileika Þjóðminjasafnsins á öllum verksviðum safnsins.

- Með kynningu er starfsemi safnsins, þar með talið sýningum, viðburðum, fyrirlestrum, málþingum og annarri starfsemi safnsins komið á framfæri með fréttatilkynningum, auglýsingum, á póstlistum, á vef, á samfélagsmiðlum og hverjum öðrum leiðum sem kunna að gefast.
- Vefur safnsins inniheldur greinargóðar upplýsingar um stofnunina og starfsemina.

13. Útgáfustefna

Niðurstöður rannsókna eru gefnar út í nafni Þjóðminjasafns Íslands í formi vandaðrar útgáfu sýningarскráa og rita um þjóðminjar. Þjóðminjavörður er ábyrgðarmaður allrar útgáfu safnsins. Útgáfa Þjóðminjasafnsins er lokaáfangi verkefna sem unnin eru á safninu og endurspeglar starf þess. Útgáfa safnsins er ætluð almennum markaði. Gerð útgáfunnar ræðst af eðli verkefnisins og eru skilgreind fyrirfram. Stefnt er að því að safnið standi fyrir útgáfu eigin efnis, sem hluta af ritröð eða skýrsluröð Þjóðminjasafnsins. Við útgáfu stærri bóka getur safnið leitað eftir samstarfi við bókaforlög. Um slíkt samstarf verði samið sérstaklega.

- Útgáfa Þjóðminjasafnsins skal endurspeglar starf safnsins og hlutverk.
- Auk ritstjóra útgáfunnar, sem valinn er hverju sinni, er yfirlestur allra handrita í höndum ritnefndar Þjóðminjasafns Íslands.

14. Stefna bóka- og heimildasafns

Bókasafn Þjóðminjasafnsins er rannsókna- og sérfræðibókasafn og leggur áherslu á varðveislu og miðlun efnis sem tengist rannsóknarsviðum stofnunarinnar. Heimildasafn Þjóðminjasafnsins samanstendur af margvíslegum gögnum sem teljast til safnkosts Þjóðminjasafnsins eða eru heimildir um gripi, minjar eða rannsóknir sem safnið varðveitir eða hefur staðið að. Í heimildasafninu eru vistuð skrifleg og rafræn frumgögn fornleifarannsókna, sem safnið tekur á mótí í samræmi við 40. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Markmið safnsins er að tryggja varðveislu þess menningararfs sem safnið geymir.

- Að stefnt verði að því að kynna starfsfólki og öðrum notendum ýmsar upplýsingaleiðir og veita þeim auðveldan aðgang að heimildum innan safns sem utan.
- Að veita starfsfólki Þjóðminjasafnsins, minjasöfnum, háskólanemum og öðrum sem til safnsins leita aðgang að fjölbreyttu efni á fræðasviðum Þjóðminjasafnsins, bæði í prentuðu sem rafrænu formi, og að veita þeim eins góða upplýsingaþjónustu og kostur er.
- Að stuðla að samvinnu við önnur bókasöfn á sem flestum sviðum.

15. Starfsmannastefna

Markmið starfsmannastefnu Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla að því að stofnunin gegni sem best hlutverki sínu sem kveðið er á um í 3. grein laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 og uppfylli réttmætar væntingar sem gerðar eru til safnsins og starfsmanna þess. Til þess að svo megi verða þarf Þjóðminjasafn að hafa á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem helga starfskrafta sína safninu, og þeirri rannsóknar-, söfnunar-, forvörslu-, miðlunar- og þjónustustarfsemi sem þar fer fram, og bregðast við síbreytilegum þörfum þjóðfélagsins. Starfsmannastefnunni er ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar fyrir alla starfsmenn Þjóðminjasafns. Hún lýsir vilja safnsins til að vera góður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Starfsmannastefna safnsins taki mið af jafnrétti, starfsmannapróun, starfsánægju og árangri í starfi. Starfsmannastefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Henni er ennfremur ætlað að lýsa þeim almennu kröfum sem starfsmenn þurfa að uppfylla svo stofnunin megi veita eins góða þjónustu og mögulegt er, þar sem almannahagsmunir eru ávallt ofar sérhagsmunum starfsmanna eða einstakra hópa.

Starfsmannastefna Þjóðminjasafns Íslands er birt í heild sinni í starfsmannahandbók stofnunarinnar.

14.1. Starfsþróunarstefna

Til þess að Þjóðminjasafn geti sinnt hlutverki sínu þarf starfsfólk þess að vera vel menntað og hafa þá hæfni sem til þarf í starfi. Þannig er stuðlað að árangri í starfsemi safnsins og ánægju starfsmanna.

Vegna þeirrar sérstöðu Þjóðminjasafns að sinna forystuhlutverki sem höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu á Íslandi er mikilvægt að starfsþróun skipi veglegan sess í innra starfi safnsins. Alþjóðlegt samstarf svo og samstarf við Háskóla Íslands skal stuðla að faglegri þróun sérfræðinga safnsins. Starfsmenn skulu leitast við að viðhalda hæfni sinni og laga sig að þeim kröfum sem starfið gerir til þeirra hverju sinni. Starfsþróunaráætlun er það tæki sem stofnunin nýtir til að hrinda stefnunni í framkvæmd.

14.2. Jafnrétti - jafnréttisáætlun

Stefnt skal að því að jafna hlut kynja og taka mið af báðum kynjum í öllum viðfangsefnum safnsins. Jafnréttisáætlun safnsins taki mið af sjónarmiðum allra hópa samfélagsins í innra sem ytra starfi safnsins. Jafnréttisáætlun er birt í heild sinni í starfsmannahandbók.

16. Húsnæðis- og öryggisstefna

Einn mikilvægasti liður safnastarfsemi er að húsnæði standist gæða- og öryggiskröfur. Með setningu húsnæðis- og öryggisstefnu leitast Þjóðminjasafn við að festa niður á formlegan hátt einn mikilvægasta þátt í starfsemi sinni, sem er umhverfi og öryggi safngripa og gagnasafna stofnunarinnar, umgengnisreglur, ábygðar- og verkaskiptingu og þjálfun fólks. Húsnæðis- og öryggisstefna er unnin undir forystu fjármála- og rekstrarsviðs (sjá Starfsmannahandbók og *Öryggishandbækur einstakra húsa Þjóðminjasafns Íslands*).

17. Umhverfisstefna

Umhverfisstefna Þjóðminjasafns Íslands byggir á stefnu ríkisins um grænan ríkisrekstur og tekur mið af gildum safnsins og framtíðarsýn.

Markmið umhverfisstefnunnar er að hafa jákvæð áhrif á samfélag og umhverfi með því að stofnunin leitist við að vera fyrirmynd á sínu sviði varðandi umhverfismál.

Þjóðminjasafn Íslands leggur áherslu á umhverfsvænar leiðir í allri starfsemi sinni í samræmi við græn skref í ríkisrekstri. Starfsfólk er hvatt til að nýta umhverfsvænar lausnir í verkefnum sínum, huga að nýtni og endurnýtingu og minnka sóun. Stuðlað er að vistvænum samgöngum á vegum safnsins, starfsfólki er tryggt heilnæmt vinnuumhverfi og því veitt reglubundin fræðsla um umhverfismál. Til að meta árangur stefnunnar og tryggja stöðugar umbætur eru umhverfismarkmiðin endurskoðuð árlega. Liður í mati á árangri er grænt bókhald.

18.1. Samgöngustefna Þjóðminjasafns Íslands

Markmið samgöngustefnu Þjóðminjasafns Íslands er að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks og sýna samfélagslega ábyrgð með því að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfið.

Þjóðminjasafnið vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Það vill nýta hagræna hvata og vitundarvakningu meðal starfsfólks til að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta til og frá vinnu. Leiðirnar eru:

- Við innkaup á bifreiðum fyrir Þjóðminjasafn skal sem best orkunýtni höfð að leiðarljósi.
- Bifreiðar stofnunarinnar sem eingöngu eru notaðar til innanbæjaraksturs verða á ónegldum hjólbörðum.
- Starfsfólki verði boðið upp á námskeið í vistakstri sem dregur úr eyðslu og umhverfisáhrifum og eykur öryggi við akstur.
- Við val á leigubílum og bílaleigubílum skal velja vistvæna bíla þar sem því verður við komið.
- Starfsfólk mun þegar hagkvæmt er nýta almenningssamgöngur á vinnutíma og leitast við að ganga styttri vegalengdir nema sérstakar aðstæður kalli á annað.
- Starfsfólk er hvatt til að draga úr ónauðsynlegum ferðum með því:
 - að nýta sér upplýsingatækni í auknum mæli, s.s. síma- og tölvukerfi til fjarfunda,
 - samnýta ferðir á vinnutíma eins og kostur er.
- Þjóðminjasafn hvetur starfsfólk til að tileinka sér sjálfbæran ferðamáta, svo sem að ganga eða hjóla, og að nýta sér almenningssamgöngur í auknum mæli.
- Þjóðminjasafn býður því starfsfólki sem að jafnaði notar vistvænan ferðamáta, þ.e. nýtir almenningssamgöngur, gengur eða hjólar til og frá vinnu upp á samgöngusamning og styrkir með mánaðarlegum samgöngustyrk.
- Þjóðminjasafn gerir samning við Strætó bs um samgöngukort fyrir það starfsfólk sem velur vistvænan ferðamáta og samgöngusamning.
- Fyrir starfsfólk sem notar vistvænan samgöngumáta greiðir Þjóðminjasafnið leigubílakostnað ef upp koma persónuleg neyðartilfelli á vinnutíma, s.s. skyndileg veikindi barna.
- Starfsmenn skulu ávallt á vinnutíma og í ferðum á vegum stofnunarinnar gæta fyllsta öryggis við val á samgöngutækjum og fylgja lögum og almennum reglum við notkun þeirra.

18. Innkaupastefna

Innkaupastefna Þjóðminjasafns Íslands byggir á lögum og reglugerðum um opinber innkaup, innkaupastefnu ríkisins og innkaupastefnu fagráðuneytis. Stefnan gildir um/fyrir öll innkaup hjá stofnuninni.

Markmið innkaupastefnunnar er að skapa traust og áreiðanlegt umhverfi sem tryggi hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn innkaup.

Umhverfissjónarmið skulu höfð til hliðsjónar í samræmi við umhverfisstefnu stofnunarinnar og stefnu ríkisins um grænan ríkisrekstur og vistvæn innkaup, en þau fela í sér að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.